

Fundargerð

6. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum
19. maí 2021 kl. 11:00, húsnæði Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, Reykjavík

Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Einarsdóttir (ÁE), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (EHP), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Gauti Jóhannesson (GJ) og Jón Björn Hákonarson (JBH).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Bragadóttir (HB) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Kynning á sviðsmyndum.

Kynntar voru þrjár sviðsmyndir um þróun nýtingar og verndar á skipulagssvæðinu sem lýst er nánar í vinnuskjalinu *Sviðsmyndagreining og umhverfisáhrif* sem sent var fulltrúum svæðisráðs 10. maí sl. Stefán Gunnar Thors og Bryndís Skúladóttir frá VSÓ Ráðgjöf önnuðust kynninguna, en þau hafa unnið með Skipulagsstofnun að þróun sviðsmyndanna. Sviðsmyndirnar þrjár eru:

- Sporðaköst um allan fjörð*, þar sem sjókvíaelði og orkuvinnsla á hafi eru í forgrunni.
- Lífið er saltfiskur*, þar sem sjávarútvegur, efnistaka og aðrar nýttjar eru í forgrunni.
- Ströndin handan við heiminn*, þar sem náttúruvernd og náttúrutengd ferðaþjónusta eru ráðandi.

Stefán Gunnar og Bryndís lögðu í kynningu sinni áherslu á markmið og tilgang sviðsmyndanna og hvernig þær nýtast í áframhaldandi vinnu við mótun skipulagsáherslna. Þau fjölluðu einnig um áhrif hvernar sviðsmyndar á umhverfi, efnahag og samfélag. Fram kom að megintilgangur sviðsmyndanna væri að skapa umræðugrundvöll fyrir ráðið með því að draga með einföldum og afgerandi hætti fram afleiðingar þess að setja tiltekna áherslur og drifkrafta í forgang. Tilgangurinn væri því ekki að setja fram spá um framtíðarþróun eða tillögur að skipulaginu.

Í kjölfar kynningarinnar fór fram umræða og komu fulltrúar á framfæri margvíslegum athugasemdum um sviðsmyndirnar. Meðal annars var gagnrýnt að túlka megi sviðsmyndirnar þannig að þær feli ekki í sér raunhæfa þróun mála miðað við gildandi lög og stefnu stjórnvalda. Einnig að of afgerandi myndir séu dregnar fram varðandi tiltekna nýtingu, s.s. varðandi áhrif fiskeldis og orkuvinnslu. Ein atvinnugrein þurfi ekki að útiloka aðra. Þá komu fram áhyggjur af því að jafnvel þótt um sé að ræða vinnutæki kunni útfærsla sviðsmyndanna að hafa of mikil áhrif á umræðuna í framhaldinu um nýtingu einstakra svæða. SG og EAÁ lögðu áherslu á að sviðsmyndunum sé eingöngu ætlað að setja fram einfaldaðar og ýktar myndir af framtíðarþróun á svæðinu. Um sé að ræða vinnutæki sem ætlað er að draga fram öfgar til að skapa grundvöll fyrir umræður ráðsins um áhrif ólíkra áherslna. Fram kom að sviðsmyndirnar verði ekki gefnar út heldur sé þeim eingöngu ætlað að vera tæki til að hefja umræðu ráðsins um nýtingu svæðanna og móta línur um hvaða megináherslur verði settar fram í hverjum firði.

2. Umræður um nýtingu á strandsvæðum Austfjarða út frá sviðsmyndum.

Næst fór fram umræða um nýtingu á strandsvæðum Austfjarða út frá sviðsmyndunum. EAÁ kynnti fyrirkomulag umræðunnar sem byggist á því að fulltrúar merki inn á útprentuð kort áherslur um þróun í einstökum fjörðum á skipulagssvæðinu. Tilgangurinn sé að svæðisráðið fjalli með almennum hætti um skipulagsáherslur á svæðinu í heild áður en nánari umræða um nýtingu einstakra svæða fer fram á grundvelli tiltekinna nýtingarflokka. Afurðir þessa dagskrárliðar, þ.e. kortin og umræður

svæðisráðsins, verði vinnugögn sem ætlað er að nýtast Skipulagsstofnun við áframhaldandi stefnumótunarvinnu. Ekki er um að ræða formlegar tillögur fulltrúa svæðisráðsins um nýtingu svæðisins. EAA tók fram að ætlunin hefði verið að byggja umræðuna á sviðsmyndunum, en að ákveðið hefði verið að aðlaga umræðuna að þeim hugmyndum og sjónarmiðum um sviðsmyndirnar sem fulltrúar lýstu undir 1. dagskrárlið. Í stað þess að horfa á útfærsluna sem fram kemur í sviðsmyndunum verði því horft á þær áherslur sem þar koma fram og draga fram með skýringum sem ritaðar eru á kortið hvers vegna tiltekna áherslur séu merktar inn á tiltekinn fjörð. Fulltrúarnir vörðu því næst um 30 mínútum í að merkja hver um sig áherslur sínar inn á kort. Að því loknu fór fram umræða um nýtingu fjarðanna og samhliða henni merkti formaður áherslur frá fulltrúum inn á sameiginlegt kort.

3. Nýtingarflokkar og uppbygging stefnuskjals.

EAA kynnti vinnu sem nú fer fram hjá Skipulagsstofnun við mótun nýtingarflokka fyrir strandsvæðisskipulagið. Hún fór yfir viðfangsefni skipulagsvinnunnar samkvæmt lögum og stefnu um haf- og strandsvæði í landsskipulagsstefnu. Hún lýsti auk þess erlendum fyrirmyndum að nýtingarflokkum strandsvæðisskipulags sem Skipulagsstofnun hefur stuðst við til undirbúnings sinni vinnu, en stofnunin hefur einkum haft hliðsjón af vinnu sveitarfélagsins Skellefteå í Svíþjóð. Í lokin kynnti hún hugmyndir að mögulegri útfærslu nýtingarflokka fyrir strandsvæði Íslands sem nú eru til skoðunar hjá Skipulagsstofnun.

4. Önnur mál.

Formaður fjallaði í lokin um næstu skref vinnunnar og næsta fund svæðisráðsins. Áætlun Skipulagsstofnunar gerir ráð fyrir að **28. maí nk.** fái svæðisráðið sent vinnuskjal um nýtingarflokka og hafi frest í u.þ.b. tvær vikur (til **10. júní**) til að koma ábendingum og athugasemdum varðandi nýtingarflokka á framfæri við Skipulagsstofnun. Stefnt er að því að halda næsta fund ráðsins **23. eða 24. júní nk.** Þá er gert ráð fyrir að fram fari umræða um nýtingarflokkana á grundvelli vinnuskjalsins, auk þess að Skipulagsstofnun kynni fyrstu vinnudrög fyrir mótun sjálfrar skipulagstillögunnar.

Samþykkt var að gengið yrði frá fundargerð eftir fund og hún send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fundi var slitið klukkan 15:07.